

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um starfsmenn opinberra hlutafélaga.

Frá Þorsteini Sæmundssyni.

1. Hvaða starfsmönnum opinberra hlutafélaga (ohf.) hefur ríkið lagt til bifreið til sinna afnota? Hvert er heildarverðmæti bifreiðanna?
2. Hver voru meðalheildarlaun starfsmanna opinberra hlutafélaga árið 2017? Hver voru hæstu heildarlaun einstaks starfsmanns í hverju opinberu hlutafélagi árið 2017?
3. Fengu einhverjir starfsmenn opinberra hlutafélaga endurgreiddan aksturskostnað árið 2017 og hver var heildarkostnaður hvers opinbers hlutafélags vegna aksturskostnaðar? Hver var hæsta greiðsla til einstaks starfsmanns í hverju opinberu hlutafélagi árið 2017?
4. Fengu einhverjir starfsmenn opinberra hlutafélaga endurgreiddan ferðakostnað í formi dagpeninga innan lands og utan árið 2017 og hver var heildarkostnaður hvers opinbers hlutafélags vegna ferðakostnaðar? Hver var hæsta greiðsla til einstaks starfsmanns í hverju opinberu hlutafélagi vegna ferðakostnaðar innan lands annars vegar og erlendis hins vegar árið 2017?
5. Var símakostnaður greiddur fyrir einhverja starfsmenn opinberra hlutafélaga árið 2017 og þá fyrir hve marga starfsmenn hvers opinbers hlutafélags? Hver var heildarkostnaður hvers opinbers hlutafélags vegna greidds símakostnaðar starfsmanna og hver var hæsta greiðsla til einstaks starfsmanns í hverju opinberu hlutafélagi árið 2017?
6. Fengu einhverjir starfsmenn opinberra hlutafélaga greidda fatapeninga árið 2017? Hver var þá heildarkostnaður hvers opinbers hlutafélags vegna fatapeninga?

Skriflegt svar óskast.